

GREIÐSLUBANDALAG EVRÓPU

ÞRJÁR HINDRANIR.

Síðustu tvo áratugin hafa þrenns konar hindranir aðallega verið í vegi frjálsrar milliríkjaverzlnar: tollmúrar, innflutningshöft og greiðsluörðugleikar. Fyrir styrjöldina síðustu voru gerðar um þessi efni allskonar alþjóðlegar samþykktir, og þar við sat. Eftir stríð hefur hins vegar ekki verið látið sitja við góðan ásetning, heldur gripið til raunhæfra framkvæmda. Það sem mestu máli skiptir er, að nú hefur verið fé, gjaldeyrir, fyrir hendi til þess að koma nýmælunum til leiðar. Er hér fyrst og fremst átt við rausnarleg fjárframlög Bandaríkjanna, Marshall-aðstoðina.

Markvisst hefur verið unnið að því að reyna að velta hinum þrem hindrunum úr vegi. Með hinum svo nefndu GATT-samningum (General Agreement on Trade and Tariffs) hafa um 40 þjóðir samið um verulegar tollalækkanir sín í milli. Í lok ársins 1949 ákváðu Marshall-ríkin að gefa frjálsan um helming af innflutningi frá þátttökuríkjunum.* Síðar hafa sömu ríki ákveðið að gefa 60% af innflutningum frjálsan og nú í sambandi við stofnun Greiðslubandalags Evrópu sett sér að marki, að hafa gefið 75% af innflutningnum frjálsan fyrir næstu áramót.

En enn er einn farartálminn eftir, greiðsluörðugleikarnir. Og hann nægir til þess að loka veginum, því að ef frjálsri verzlun á að opnast rýmri farvegur milli ríkja, má enginn hinna þriggja hindrana vera til tafar. Ef tollar eru t. d. einungis lækkaðir, má hefta verzlunina með innflutnings- og gjaldeyrishöftum, ef innflutningshöft eru afnumin, má hindra innflutning með hækkuðum tollum, og sé bæði innflutningshöft afnumin og tollar lækkaðir, geta þó greiðsluörðugleikar og gjaldeyrishöft gert verzlunarfrelsið að bókstafnum einum. Hér er hinni nýju stofnun, Greiðslubandalagi Evrópu, ætlað verk að vinna, að auðvelda greiðslur milli þátttökuríkjanna.

* Sbr. greinina „Fríverzlun Marshall-landanna“, í „Frjálsri verzlun“, 3. hefti 1950.

MARKMIÐIN.

Frá ófriðarlokum og raunar talsvert lengur hafa greiðslur milli ríkja að mestu ákvarðast af tvíhliða verzlunarsamningum, þar sem gert hefur verið ráð fyrir ákveðnum yfirdrætti. Árið 1948 endurbættu Marshall-ríkin þetta kerfi sín á milli með hinum svo nefnda ávísanarétti (drawing rights), sem fól í sér framsal til þriðja ríkis á innstæðum, en haggði þó ekki við grundvelli tvíhliða samningakerfisins.

Flestir viðurkenna þá annmarka, sem eru á greiðslukerfi tvíhliða samninganna, og margar tillögur til úrbóta hafa séð dagsins ljós, svo sem afturhvarf að gullmyntfætinum o. fl., en engin þeirra hlotið nægilegt fylgi til framgangs. Marshall-ríkjunum var ljóst, að allt strit þeirra fyrir bættum lífskjörum og viðleitni þeirra til frjálsari viðskipta var unnið fyrir gýg, ef ekki tækist að greiða fram úr greiðsluvandræðunum. Því ákváðu þau að setja á fót stofnun, sem leysa á þetta vandamál. Stofnun þessi hlaut nafnið Greiðslubandalag Evrópu (European Payments Union — E.P.U.) og var stofnskrá hennar samþykkt 19. sept. s.l. í París af öllum þátttökuríkjum Marshall-samtakanna.

Markmið hinnar nýju stofnunar eru í stórum dráttum:

- 1.) Að koma á marghliða greiðslukerfi, sem jafnt nái til vörukaupa og þjónustusölu, milli þátttökuríkjanna, þannig að myntir þeirra verði í framtíðinni sem næst frjálst breytanlegar innbyrðis.
- 2.) Að auðvelda þátttökuríkjunum þannig að gera utanríkisverzlun sína frjálsa, að viðhalda stöðugri atvinnu og mikilli utanríkisverzlun, og að ná fjárhagslegu jafnvægi innanlands og í viðskiptum við önnur ríki.
- 3.) Að aðstoða sérstaklega þau ríki, sem ráða þurfa fram úr tímabundnum greiðsluörðugleikum vegna aðsteðjandi gjaldeyrisskorts.
- 4.) Að koma fótunum þannig undir greiðslukerfi þátttökuríkjanna, að þau geti fyrir atbeina E.P.U. staðið óstudd, þegar Marshall-aðstoðinni lýkur.

STJÓRN OG GRUNDVALLARHUGMYND.

Öll Marshall-ríkin eru þátttakendur í Greiðslubandalaginu. Stjórn þess er í höndum 7 fulltrúa, sem tilnefndir eru af Marshall-stofnuninni í París til eins árs í senn. Alþjóðabankinn í Basel (Bank for International Settlement) annast í umboði O.E.E.C. framkvæmd greiðsluviðskiptanna samkvæmt fyrirmælum stjórnarnefndar E.P.U.

Grundvallarhugmynd E.P.U. er sú, að fyrir tilverkn að þessarar stofnunar verði það mögulegt, að sá gjald eyrir, sem hvert þáttökuríkja fær greitt frá öðru, hvort heldur er fyrir vörur eða þjónustu, verði yfirfærður til hvers annars þáttökuríkis, sem vera skal, eftir því sem þörf krefur til jöfnunar á greiðsluhalla við hlutaðeigandi land. Samkvæmt þessu á greiðsluafstaðan gagnvart einstökum þáttökuríkjum héðan í frá að skipta minna máli en afstaðan gagnvart Greiðslubandalaginu, skuld eða inneign hjá því, að vera aðalatriðið. Með öðrum orðum, greiðslujöfnuðurinn gagnvart öllum þáttökuríkjunum í heild, en ekki hverju einstöku þeirra, verður það, sem máli skiptir.

Þetta verður framkvæmt með þeim hætti, að hvert þáttökuríkja opnar reikning hjá Greiðslubandalaginu, Alþjóðabankanum í Basel. Síðan tilkynir þjóðbanki hvers þáttökuríkis Alþjóðabankanum mánaðarlega inneign eða skuld þjóðbanka allra annarra þáttökuríkja á reikningi hjá sér. Alþjóðabankinn gerir síðan upp greiðsluáðstöðu hvers lands gagnvart hinum þáttökuríkjunum og ber hana saman við aðstöðuna 1. júlí 1950, en þá er E.P.U. talið hefja starfsemi sína.

LÁNARDROTTNAR OG SKULDUNAUTAR.

Af framansögðu leiðir, að samanlagðir greiðsluafgangar og greiðsluhallar allra þáttökuríkja munu verða jafnháir. Hins vegar munu hin ýmsu þáttökuríki ýmist hafa greiðsluafgang eða greiðsluhalla gagnvart E.P.U. Til jöfnunar þessu mun hvert ríkja fá ákveðinn kvóta í E.P.U. Innan marka hans munu skuldunautarnir fá lán frá E.P.U.-stofnuninni og lánardrotnar veita henni lán. Kvóti hvers ríkis er ákveðinn 15% af heildartekjum og gjöldum þess í samskiptum við önnur þáttökuríki á árinu 1949. Samkvæmt því mun kvóti Íslands vera áætlaður um 15 milljón dollara.

Aðaltilgangur kvóta þessara er sá, að nota á þá til þess að halda gjaldeyrisaðstöðu hvers lands, skuld eða inneign hjá hinum þáttökuríkjunum, óbreyttri frá því sem hún var við starfsbyrjun E.P.U. 1. júlí 1950. Um notkun kvótanna eru þær reglur, að hvert ríkja á rétt á láni frá E.P.U. allt að 60% af kvóta sínum, og hverju þeirra ber jafnframt að veita E.P.U.

lán að jafnháum hundraðshluta kvótans, eftir því hvort það verður skuldunautur eða lánardrottinn hinna þáttökuríkja á samningstímabilinu. Ef greiðsluhalli einhvers lands nemur allt að 20% af kvóta þess, er hallinn jafnaður eingöngu með láni frá E.P.U. Verði hallinn hlutfallslega meiri, er hann jafnaður með láni frá E.P.U. og jafnframt að hluta með gull- eða dollaragreiðslum frá skuldunautum. Gull- og dollaragreiðslurnar verða hlutfallslega hærri, eftir því sem hallinn nemur stærri hluta af kvótanum og lánið frá E.P.U. þannig hlutfallslega lægra.

Lánardrotnar fá 2% ársvexti af innstæðufé sínu hjá E.P.U. og skuldunautar greiða 2% vexti til stofnunarinnar fyrir fyrstu 12 mánuðina, en 2½%, ef lánin eru til lengri tíma.

Hvað snertir lánardrotna eða þá, sem hafa hagstaðan greiðslujöfnuð, skal sú regla viðhöfð, að þeim ber að lána E.P.U. allt að 60% af kvótum sínum og fá 40% greidd í gulli. Ef greiðsluafgangur þeirra er 20% eða þar undir, skulu þau veita E.P.U. hann allan að láni, en sé hann meiri, lána þau helming hans, en fá helminginn greiddan í gulli. Af þessum ástæðum eru líkur fyrir því, að gullgreiðslur E.P.U. til lánardrotnanna verði meiri en gullgreiðslur skuldunautanna til E.P.U. Fé til þess að greiða þenna mismun fær E.P.U. frá Marshall-stofnuninni í París.

MARSHALLFÉ OG GREIÐSLUBANDALAGIÐ.

Það var frá upphafi ljóst, að E.P.U. myndi þurfa nokkurt fé til reksturs fram yfir það, sem lánardrotnarnir létu því í té. Því var í fjárveitingu Bandaríkjaanna til Marshall-aðstoðarinnar árið 1950/1951 (reikningsár O.E.E.C.) gert ráð fyrir, að E.P.U. fengi til ráðstöfunar allt að 600 milljónum dollara. Hugmyndin er, að fé þessu verði varið í þrennum tilgangi. Í fyrsta lagi til þess að jafna fyrirnefndan mismun, sem kann að verða á gullgreiðslum skuldunauta til E.P.U. og gullgreiðslum stofnunarinnar til lánardrotnanna. Í öðru lagi til þess að mynda sérstakan varasjóð, sem grípa má til, ef eitthvert land lendir í greiðsluörðugleikum, sem ekki voru fyrirjáanlegir, þegar E.P.U. tók til starfa. Í þriðja lagi skal verja þriðjungi fjárlagsins til þess að láta þau lönd, sem við mestan gjaldeyrisskortinn búa, fá byrjunarinneign hjá E.P.U. Slíka bráðabirgðaaðstoð fá aðeins þau lönd, sem vegna sérstakra atvika munu fyrirjáanlega hafa greiðsluhalla við hin þáttökuríkin. Þau lönd, sem þannig er ástatt fyrir, eru Austurríki, Grikkland, Holland og Ísland. Byrjunarinnstæða Íslands hjá E.P.U. mun áætluð 4 milljónir dollara eða um 65 milljónir króna. Þessa

upphæð í íslenskum krónum munu Íslendingar verða að leggja í mótvirðissjóð í Landsbankanum, ef þeir nota byrjunarinnstæðuna.

Reglu þessari er snúið við gagnvart löndum, sem hafa í upphafi hagkvæma greiðsluadstöðu, svo sem Bretland, Belgía og Svíþjóð. Hjá þeim verður reikningstímabilið látið byrja með skuld, sem þýðir, að þessi lönd verða sem endurgjald fyrir aðstoð Bandaríkjanna að styrkja önnur þátttökuríki.

GAMLAR OG NÝJAR SKULDIR.

Þær skuldir, sem eitt þátttökuríkjanna kann að hafa stofnað til hjá hinum fyrir 30. júní 1950, ber því að semja um við lánardrottna sína, og geta þær greiðslur, ef samkomulag næst, gegnið í gegnum E.P.U. Náist hins vegar ekki samkomulag um gjaldfrest, skulu skuldirnar að mestu greiðast á næstu tveim árum.

Þessar eldri skuldir geta orðið nokkurt vandamál fyrir einstakt ríki. Sum ríkin hafa þó þegar komið að samkomulagi um rúman gjaldfrest. Þannig munu Danir t. d. hafa fengið 10 ára gjaldfrest hjá Bretum fyrir meginhluta skuldar sinnar við þá eða 22 milljónum sterlingspunda. Ekki er útilokað, að Íslendingar gætu þurft að fara fram á sams konar gjaldfrest hjá einhverju þátttökuríkjanna.

Varðandi aðrar skuldir, sem kunna að myndast á samningstímabilinu, er vert að geta þess, að þær verða ekki greiddar í gegnum E.P.U., nema þannig sé til þeirra stofnað, að viðkomandi þjóðbanki viðurkenni þær og felli þær inn í reikningsuppgjör sitt til Alþjóðabankans. Til þess að svo megi verða, þurfa þeir, sem til skuldar hafa stofnað, t. d. að hafa leyfi gjaldeyrisyfirvalda, ef við lýði eru gjaldeyrishöft í landinu. Lausaskuldir einstaklinga og ólöglegur eyðslueyrir ferðamanna fellur því utan skuldbindinga E.P.U.

ÁKVÆÐI UM UTANRÍKISVERZLUN.

Í stofnskrá greiðslubandalagsins eru jafnframt nokkur þýðingarmikil ákvæði varðandi utanríkisverzlunina. Ber þar fyrst að geta þess, að samningsaðilar skuldbinda sig til þess 15 dögum eftir að samningar hafa verið undirritaðir að hafa gefið frjáls 60% af innflutningi sínum af matvælum, fóðurvörum, hráefnum og fullunnum vörum frá þátttökuríkjunum. Þá eru og ákvæði um það, að samningsaðilar skuli láta af allri mismunun (discrimination) á vöruflokkum og viðskiptalöndum. Aðgerðum þessum skal lokið fyrir árslok 1950. Sama regla gildir um „ósýnilegar greiðslur“ milli samningslanda. Þó er ekki óleyfilegt að mismuna landi, sem sjálft viðhefur þann viðskiptahátt.

Rétt er að geta þess, að þótt E.P.U. geri ráð fyrir marghliða verzlunarsamningakerfi, eru tvíhliða samningarnir ekki þar með úr sögunni, þótt áhrif þeirra minnki. Enda er á það bent, að þátttökuríki, sem hefur t. d. óhagstæðan greiðslujöfnuð gagnvart þátttökuríkjunum, sem heild, beri að reyna að koma jöfnuði sínum við hin einstöku ríki í jafnvægi. Sömuleiðis er til þess ætlað, að þau ríkin, sem mjög hagstæðan greiðslujöfnuð hafa, reyni að lækka kúfinn á honum. Getur þannig komið til greina að leyfa einhverju þátttökuríkjanna að mismuna slíku ríki til þess að hindra, að inneign þess hjá E.P.U. hækki óhæfilega.

Ef eitthvert ríki hefur svo óhagstæðan greiðslujöfnuð, að það safnar í svo ríkum mæli skuldum hjá E.P.U., að hætta getur talist á, að gjaldeyrisvarasjóður þess þrjóti, má það um stundarsakir fella niður frílista þá, sem það hefur gefið út samkvæmt samþykkt O.E.E.C. En innflutningshömlurnar verða þá að ganga jafnt yfir öll þátttökuríkin. Marshall-stofnunin getur þó ógilt þessar aðgerðir, ef hún telur þær ekki hafa við rök að styðjast.

Þátttökuríki hefur rétt til þess að segja sig úr E.P.U., ef kvóti þess hefur verið notaður að fullu. Nær réttur þessi bæði til skuldunauta og lánardrottna.

ÍSLENZKT VIÐHORF.

Íslendingum má vera stofnun Greiðslubandalags Evrópu fagnaðarefni, ekki einungis vegna þeirra beinu hlunninda, lána- og efnahagsaðstoðar, sem þeir kunna að verða aðnjótandi, heldur fyrst og fremst sökum þess, að stigið hefur verið stórt spor í áttina til frjálsari utanríkisviðskipta. Þeim mun raunalegra er það, að þeir geta ekki skipað sér í röð þeirra ríkja, sem ríða á vaðið með afnám viðskiptahaftanna, heldur verða um sinn að setta sig við að vera eftirbátar margra annarra í þeim efnum. Ástæðurnar til þessa eru al-kunnar, hinn almenni skortur á jafnvægi í íslenskum þjóðarþúskap, alger aflabrestur á sjöttu síldarvertíðinni í röð og svo í þökkabót sjálfskapavíti eins og fjögurra mánaða togaraverkfall. Af þessu leiðir, að ekki verður hér á landi hægt að gefa innflutningsverzlunina jafn ört frjálsa eða afnema eftirlit með yfirfærslum á „ósýnilegum greiðslum“, og gert er ráð fyrir í stofnskrá E.P.U., og verður því samþykki Íslands á henni að skoðast innan takmarka þessara fyrirvara.

Á fundi, sem efnahags- og utanríkisráðherrar Marshall-ríkjanna héldu í París fyrstu vikuna í október s.l. gerði Björn Ólafsson viðskiptamálaráðherra grein fyrir þessari afstöðu Íslands og gat þess jafnframt, að óhugsandi væri fyrir land með jafn einhæfa útflutningsvöru og Ísland, að leyfa nokkurn veginn frjálsan

innflutning frá ríkjum, sem sum legðu enn verulegar hömlur á innflutning þessarar einu útflutningsvöru Íslendinga. Ráðherrafundurinn mun hafa tekið hinu íslenzka viðhorfi af fullum skilningi, og er því að vænta, að fyrirvarar Íslendinga hafi verið viðurkenndir. Enda hefur sérstaða Íslands þegar verið viðurkennd í framkvæmdinni með byrjunarinnstæðu þeirri, sem E. P. U. hefur veitt Íslendingum.

Hitt skulum við gera okkur ljóst, að okkur mun ekki haldast uppi vegna innlends pólitísku ofstækis að viðhalda viðskiptahöftunum stundinni lengur en bráðnaúðsynlegt getur talizt vegna viðurkenndra efnahagsörðugleika. Má þetta vera fylgjendum frjálsari verzlunar nokkur hugarléttir.

Einnig ættu íslensk stjórnarvöld að taka það til athugunar nú þegar, að vöruskiptaverzlun (kompensationir), sem mjög hefir færzt hér í vöxt á síðari árum, er mjög hæpin, ef ekki óheimil, samkvæmt E.P.U. stofnsamningnum, því að í henni felst mismunur milli ríkja, sem alls ekki er heimil þrátt fyrir alla efnahagsörðuleika. Hér er auðvitað eingöngu átt við vöruskiptaverzlun við þátttökuríkin.

Eftir að E.U.P. hefur tekið til starfa, verður í rauninni aðeins um þrennskonar erlendan gjaldeyri að ræða frá íslenskum bæjardrym séð, dollara, greiðslubandalagsmynt og clearingmynt (myntir þeirra landa, sem við höfum clearing-samninga við).

Að lokum verðum við Íslendingar að gera okkur ljóst, að eftir að við höfum gerzt aðiljar að E.P.U., tjáir okkur ekki í framtíðinni að mæta hverjum halla á milliríkjavíðskiptum með nýjum og nýjum viðskiptahöftum, heldur verður fjármálastefna ríkisins og lánapólitík bankanna að vera okkar aðalvopn í þeirri baráttu.

ALMENNAR HUGLEIÐINGAR.

Með stofnun E.P.U. hafa allar myntir þátttökuríkja verið gerðar jafn-eftirsóknarverðar, jafn-verðmætar og frjálst breytanlegar. Þetta gefur mikla möguleika, því að ef verzlun þessara ríkja verður von bráðar frjáls, opnast markaður með 270 milljónum íbúa. Og ekki nóg með það, heldur eru allar þessar myntir orðnar frjálst breytanlegar í sterlingspund, en talið er, að 36% af öllum heimsvíðskiptunum fari fram í þeirri mynt. Hinn stóri markaður ætti að auka sérhæfingu, verkaskiptingu, samkeppni og þannig lækka vöruverðið. Á þenna hátt gætu Evrópuþjóðirnar orðið samkeppnisfærari á bandaríska markaðnum og auknar dollaratekjur þeirra gert efnahagsaðstoð Bandaríkjanna óþarfa og myntir þátttökuríkja frjálst breytanlegar einnig í dollara.

FRJÁLS VERZLUN

Þetta eru björtu vonirnar, en á þær falla ýmsir skuggar, og vegurinn að takmarkinu verður vafalaust langur og strangur. Eitt með öðru, sem erfiðleikum mun valda, er vígbúnaðurinn, sem óvissan í alþjóðamálunum knýr öll þátttökuríkin til þess að einbeita sér að. Hann mun valda verðhækkunum og þannig e. t. v. hindra að einhverju leyti eftirsóttu verðlækkun. Er meira að segja ekki ósennilegt, að sum þátttökuríkja þurfi af þessum ástæðum að hafa sig við til þess að hindra nýja verðbólgu.

Annað atriði, sem ekki getur e. t. v. talizt sérlega veikamikið, er það, að allar aðgerðir Marshall-ríkja til þess að gera utanríkisverzlunina frjálsari, beinast að innflutningsverzluninni, en útflutningsverzlunin er látin afskiptalaus, á henni mega vera öll hugsanleg höft og bæði má þar mismuna vörum og löndum. Óneitanlega getur þetta þó skapað misrétti í millilanda-víðskiptum.

Enda þótt líklegt sé, að framvegis muni skiptast á skin og skúrir í utanríkisvíðskiptunum, þá er stofnun E. P. U. áreiðanlega merkilegur áfangi í viðskiptaþróun Vestur-Evrópu, en hvort um bein þáttaskipti er að ræða, eins og sumir fullyrða, er of fljótt að fella nokkurn dóm um. Við vitum, að þróuninni er stefnt í rétta átt, og við skulum vona, að markmiðinu verði náð.

Bífreiðafjöldi heims

Bífreiðafjöldi alls heimsins í byrjun þessa árs var talinn 62.463.749 vöru- og fólksbífreiðar, eftir því sem tímaritið „American Automobile“ skýrir frá.

Er þetta 4,1 millj. bífreiðum fleira en síðasta ár.

Fremst í hópi voru Bandaríkin með 43.429.205 bífreiðar, þar af 35.555.832 fólksbífreiðar.

Næst Bandaríkjunum kom Evrópa í röðinni með samtals 11.573.328 bífreiðar (6.288.523 fólksbífreiðar), síðan Vesturálfa (utan Bandaríkjanna) með 3.787.852 bífreiðar (2.553.782 fólksbífreiðar), Ástralía (heimsálfan), með 1.591.398 bífreiðar (1.063.484 fólksbífreiðar), Afríka með 1.054.152 bífreiðar (734.283 fólksbífreiðar) og Asía með 827.075 bífreiðar (376.789 fólksbífreiðar).

Af einstökum ríkjum er bífreiðafjöldi Bandaríkjanna mestur, eins og áður er frá greint, en næst þeim koma Sovétríkin, áætlaður bífreiðafjöldi 3 millj., Stóra-Bretland 2.980.903, Frakkland 2.295.000, Kanada 2.194.292 og Ástralía 1.150.000.